



1 t b l 3 9 á r g f e b r ú a r 2 0 0 4

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Samkomulag við Reykjavíkurborg

Það má segja að fyrstu vikur nýs árs hafi verið annasamar hjá félaginu.

Alvarleg staða á Landspítala - Háskólasjúkrahúsi og þær aðgerðir sem starfsmenn og almenningur hefur staðið frammi fyrir varðandi uppsagnir og niðurskurð á Landspítalanum - Háskólasjúkrahúsi. En fjallað er um það mál inni í blaðinu.

Viðræður við Reykjavíkurborg hafa staðið yfir frá því í desember eftir að ljóst var að ekki voru komnar nægilegar upplýsingar úr starfsmatinu til þess að greiða út laun samkvæmt því.

Í síðustu viku janúar mánaðar náðist samkomulag milli borgarinnar og þeirra þriggja stéttarféлага sem sömdu um starfsmat í kjarasamningum 2001. Hér í blaðinu er birt sameiginleg yfirlýsing stéttarfélaganna sem hlut eiga að máli og Reykjavíkurborgar og einnig það samkomulag sem gert var um framkvæmd kjarasamningsins og bætur vegna tafa sem hafa orðið á framkvæmd hans.

Hér er einnig að finna fræðsludagskrá félagsins á vorönn.




bls.2

Samkomulag



bls. 3

Landspítali



bls. 4-5

Gott að vita...



bls. 6-7

Svanhildur Bogadóttir

Námskeið fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn St.Rv.

Tvö námskeið undir nafninu Samstíga til framtíðar I verða haldin nú á vorönn.

Fyrri námskeiðið dagana 10., 11. og 26. febrúar og seinna námskeið 16., 17. mars og 1. apríl.

Fulltrúar og trúnaðarmenn eru hvattir til þess að sækja um sem fyrst í síma 525-8330 eða í netfang jakobina@strv.bsrb.is

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.bsrb.is

Abyrgðarmaður: Sjófn Ingólfsdóttir

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Guðjón Indriðason, Ragnhildur

Helgadóttir og Örn Erlendsson

Umbrot: Jakobína Þórðardóttir

Prófarkalestur Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentun: Hjá OSS ehf.

Mynd forsiðu: Bára

Sameiginleg tilkynning frá Reykjavíkurborg, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Eflingu – stéttarfélagi og Kjarafélagi Tæknifræðingafélags Íslands.

Í kjarasamningum ofangreindra aðila var samið um að taka upp nýtt starfsmatskerfi og leiðréttu starfslaun í áföngum á samningstímabilinu. Samhliða þessari launakerfisbreytingu var ákveðið að taka upp nýtt hæfnislaunakerfi í stað eldra kerfis. Langtímamarkmið með breytingu á launakerfinu er m.a. að greiða sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf hjá stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.

Starfsmatsnefnd, sem skipuð er fulltrúum Reykjavíkurborgar og stéttarfélaganna þriggja, hefur frá upphafi lagt mikla vinnu við starfsmatskerfið SAMSTARF. Starf nefndarinnar felst m.a. í mati á einstökum þáttum hvers starfs og að tryggja að öll störf séu metin með sömu aðferð. Þetta hefur verið afar tímafrek vinna sem ekki er lokið en hefur reynst nauðsynleg til að tryggja áreiðanleika starfsmatsins. Þá er að störfum

sérstök hæfnismatsnefnd aðila sem af sömu ástæðum hefur ekki náð að ljúka störfum.

Samningsaðilar eru sammála um að hrinda nú í framkvæmd þeim þætti nýs launakerfis sem lýtur að hæfnislaunum vegna virkrar þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar. Sömuleiðis að knýja á um, að þær stofnanir sem enn hafa ekki gert símenntunaráætlanir, ljúki þeirri vinnu. Þá eru samningsaðilar sammála um að birta starfsheiti á launaseðlum í samræmi við ÍSTARF staðla við launagreiðslu þann 1. mars nk. Ásetningur samningsaðila er að ljúka innleiðingu starfslauna á grundvelli starfsmats 1. nóvember 2004.

Með meðfylgjandi samkomulagi, dags. 26. janúar 2004, vilja samningsaðilar tryggja framgang kjarasamninga aðila og nýs launakerfis hjá Reykjavíkurborg.

26. janúar 2004

SAMKOMULAG

samningsaðila vegna seinkunar á innleiðingu á nýju starfs- og hæfnislaunakerfi, starfsmanna Reykjavíkurborgar í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Eflingu – stéttarfélagi og Kjarafélagi Tæknifræðingafélags Íslands.

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi varðandi framkvæmd kjarasamninga aðila:

1. Að fela starfsmatsnefnd að ljúka starfsmatsviðtölum og launatengingu starfsmats eigi síðar en 15. október 2004 og greiða laun samkvæmt því hinn 1. nóvember 2004.
2. Að starfsheiti (í samræmi við Ístarf-staðla) verði birt á launaseðlum 1. mars 2004.
3. Að Reykjavíkurborg kynni samningsaðilum 15. febrúar 2004 hvaða stofnanir hafa enn ekki gert símenntunaráætlanir fyrir starfsmenn. Reykjavíkurborg tryggi að símenntunaráætlanir verði gerðar þar sem vanhöld eru á í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
4. Að hæfnislaun vegna símenntunar komi til framkvæmda hinn 1. mars 2004 og taki gildi afturvirkni miðað við 1. desember 2002, sbr. ákvæði kjarasamninga um gildistöku hæfnislauna. Stofnanir og fyrirtæki annist framkvæmdina í samráði við samningsaðila. Hæfnislaun samkvæmt eldra fyrirkomulagi falli niður frá gildistöku nýrra hæfnislauna.
5. Að störfum tæknifræðinga verði grunnraðað í nýja launatöflu til starfslauna til bráðabirgða af samstarfsmatsnefnd samningsaðila og starfsmönnum raðað til hæfnislauna vegna símenntunar í samræmi við ákvæði 16.3.2 í kjarasamningi aðila, sbr. 4. tl. að ofan.
6. Að launapottar skv. yfirlýsingum með kjarasamningum dags. 2. mars 2001 og 22. mars 2001 1.12.2002 vegna launaleiðréttinga hækki um 3% miðað við 1.1.2003 og 1.1.2004 en launapottar 1.12.2003 hækki um 3% m.v. 1.1.2004.*
7. Að 3% áfangahækkun, sem tók gildi hinn 1. janúar 2004, færist fram til 1. september 2003 vegna þeirrar seinkunar sem orðin er á innleiðingu nýs launakerfis og komi mismunurinn til greiðslu hinn 1. mars 2004.

Reykjavík, 26. janúar 2004

Ályktun frá fundi í Austurbæ um málefni Landspítalans - háskólasjúkrahúss

Opinn fundur um málefni Landspítala háskólasjúkrahúss haldinn þriðjudaginn 27. janúar í Austurbæ krefst þess að ríkisstjórn Íslands og Alþingi endurskoði fjárveitingar til sjúkrahússins. Ljóst er að sá niðurskurður á þjónustu sem nú hefur verið ráðist í stefnir öryggi sjúklinga í hættu. Með þessum aðgerðum stjórnvalda er verið að rjúfa þjóðarsátt um gott heilbrigðiskerfi og afleiðingarnar geta orðið mjög alvarlegar. Boðað hefur verið að þessar aðgerðir séu einungis fyrsta skrefið í því að ná niður kostnaði í heilbrigðiskerfinu en nú þegar hefur verið of langt gengið á þeirri braut. Almannahagur er í húfi. Hópuþsagnir á stærsta sjúkrahúsi landsins

bitna óhjákvæmilega illilega á sjúklingum auk þess sem þetta mun hafa þær afleiðingar í för með sér að þjónusta sem veitt hefur verið á vegum sjúkrahússins verður flutt út fyrir vegg þess og biðlistar munu lengjast. Mikilvægt er að hafist verði handa um heildarskoðun á heilbrigðiskerfinu, sem m.a. miði að því að endurskoða og skýra verkaskiptingu milli heilsugæslunnar, sjúkrahúsanna og sérfræðilækna. Landspítali - háskólasjúkrahús er stærsta og tæknivæddasta sjúkrahús landsins. Aðgerðir ríkisvaldsins nú og boðað framhald á niðurskurði er aðför að hátækni heilbrigðisþjónustu landsmanna. Með því er öryggi þjóðarinnar ógnað. Uppbygging

þróaðs hátækni sjúkrahúss byggir á margra ára starfi færustu sérfræðinga og annars starfsfólks. Uppbyggingarstarfið er erfitt en eyðileggingin auðveld.

Þau samtök sem að fundinum standa, Gæðhjálp, Landssamband eldri borgara, Landssamtök hjartasjúklinga, Umhyggja, Öryrkjabandalag Íslands, ASÍ, BHM, BSRB og Læknafélag Íslands, krefjast þess að ríkisstjórnin og Alþingi taki þegar í stað til endurskoðunar fyrri ákvörðun um fjárveitingar til LSH þannig að sjúkrahúsið geti sinnt þeirri þjónustu sem það hefur gert hingað til.

Samdráttur á LSH er soun fjármuna

Greinin birtist í Mbl. áður.

Við undirrituð, formenn Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (StRv.), tókum undir með stjórn BSRB og mótmælum fyrir hönd félaga okkar harðlega þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að þröngva LSH til niðurskurðar á þeirri þjónustu sem spítalinn veitir landsmönnum. Fjöldauppsagnir á stærsta sjúkrahúsi landsins sökum þess að ríkisstjórnin hefur enn eina ferðina ákveðið að úthluta stofnuninni minna fé en fyrir-sjáanleg nauðsyn var á, bitna harkalega á lífi bæði sjúklinga og starfsmanna og vegur að grunnréttindum þeirra.

Rétt forgangsröðun í góðæri?

Þar sem slík ákvörðun er tekin á góðæris-tímum þegar ríkissjóður skilar milljörðum í afgang, má spyrja hvort líta beri svo á að ríkisstjórnin hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að líf og heilsa meðborgaranna verðskuldi ekki þann sess í forgangsröðinni sem heilbrigðismál hafa notið hingað til? Eða er fjársveltíð og sú versnandi þjónusta sem er óhjákvæmilega afleiðing þess, kannski liður í annarri forgangsröð ríkisstjórnarinnar sem á rót í hugmyndafræðilegri nauðhyggju um yfirburði einkageirans og trúnni að almannaþjónusta sé soun á almannaþé? Hugsanlega hefði verið hægt að nota þá milljarða sem fyrrum ríkisbankar tóku inn í gróða á síðasta ári til að sinna sjúkum í stað þess að þeir rynnðu í vasa ofurrikra einstaklinga sem vart vita aura sinna tal. En mat ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar á því hver forgangurinn skuli vera talar sínu máli. Og þjóðin hlustar grannt.

Krónur og aurar.

Margumræddur halli á rekstri LSH er annars vegar tilbúningur og hins vegar raunverulegur. Hann er tilbúningur að því leyti að stjórnvöld ákvarða bókhaldslegan halla sjálf með því að útdeila meðvitað minna fé til rekstrarins en nauðsynlegt er.

Hann er hins vegar raunverulegur að því leyti, að fjárskortur leiðir til verri þjónustu. Sú umhyggja, færni, þekking og tækni sem til staðar er innan veggja spítalans nýtist ekki sem skyldi. Fyrst það þykir sæma að reikna líf og lími sjúklinga til beinhardra peninga, af hverju reiknar þá fjármálaráðuneytið ekki út beinan hagnað af því að koma einstaklingi til heilsu og færir til bókar?

Niðurskurðurinn leiðir því til beinnar sounar á fjármunum og tíma sem á að nýtast við það starf sem arðsamast er fyrir þjóðina: Að lækna og líkna sjúkum og að tryggja heilbrigði almennings.

Ef sparnaður leiðir til aukins

kostnaðar, hver er þá sparnaðurinn?

StRv og SFR benda á að sá sparnaður, sem ætlað er að ná fram með samdrætti í heilbrigðiskerfinu, mun leiða til aukins kostnaðar annars staðar í þjóðfélaginu. Sjúklingar sem ekki komast að í heilbrigðiskerfinu eða ekki hafa lengur efni á að mæta tímanlega til læknis, skapa auðsýnilega minni þjóðfélagslegan auð en ella meðan þeir eru ekki færir á vinnumarkaði. Dráttur á að meðhöndla sjúkdóma og meiðsli leiðir yfirhöfuð til dýrari og lengri meðhöndlunar seinna. Og ekki má gleyma þeim ónauðsynlegu þjáningum sem þessi forgangsröðun ríkisstjórnarinnar leiðir yfir almennung. Brotttekstur starfsmanna sem sérhæfðir eru í ummönnum og hjúkrun leiðir óhjákvæmilega til aukins atvinnuleysis, þegar sá sem rekur er ráðandi atvinnurekandi á því sviði. Sparnaðurinn er því sjónhverfing sem engum gerir greiða nema fjármálaráðherra sem getur sýnt fram á "jávæðari" lykiltölur í ríkisbókhaldi – meðan að staða annarra liða mun versna. Samdrátturinn er vanhugsaður og mun auka á vandann fremur en að leysa hann. Hann mun leiða til hnignunar LSH sem vinnustaðar. Aukið öryggi og kvíði starfs-

fólks og sjúklinga vegna yfirvofandi uppsagna og auknið álag á þá sem eftir sitja leiðir til verri starfsanda. Lokun deilda og vannýting á starfsaðstöðu og tækjum leiðir til þess sama. Til lengri tíma litið eru afleiðingarnar stöðnun og mannflótti. Heilbrigðiskerfið, starfsmenn þess og almennungur munu því gjalda forgangsröðunar ríkisstjórnarinnar.

Er einkavæðingaráráttan meinvarpið?

Með þessum niðurskurði er verið að fara bakdyraleið til að markaðsvæða heilbrigðisþjónustuna; veikja fyrst þjónustu sjúkrahúsanna, auka kostnaðarþátttöku sjúklinganna og bjóða síðan upp á einkarekstur. Reynsla annarra þjóða sýnir að einkavætt heilbrigðiskerfi er kostnaðarsamara og veldur misrétti. Grunnhugsunin í heilbrigðiskerfinu breytist úr jafnaðar- og samstöðuhugsun yfir í að "hver bjargi sér sjálfur sem best hann getur". Langtímaafleiðingar eru þær að réttur almennings til hjúkrunar og lækningar takmarkast við fjárrád hvers og eins.

Kannanir, sem BSRB hefur m.a. staðið fyrir, hafa itrekað sýnt að Íslendingar eru alfarið á móti slíkri mismunung og ríkisstjórn sem sækir umboð sitt til þjóðarinnar ætti að hafa það í huga.

SFR og StRv lýsa því yfir eindreginni andstöðu við fyrirhugaðar niðurskurðaraðgerðir á LSH og hvetur stjórnvöld til að leita leiða í samvinnu við allt starfsfólk sjúkrahússins til að veita áfram bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu á sem hagkvæmastan hátt. Réttur sjúklinga og starfsmanna verður að vera tryggur.

Sjófn Ingólfsdóttir formaður St.Rv. og Jens Andrés�on, formaður SFR Höfundar eru varaformenn BSRB.

gott að vita...

Námskeið og fyrirlestrar á vegum St.Rv. og SFR -vorönn 2004

SFR og St.Rv. bjóða áfram sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrá vorsins og var stefnan sett á að bjóða upp á fjölbreytt námskeið, bæði stutt og löng, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Lágmarkspátttakendafjöldi á hvert námskeið er 12 manns en hámarksfjöldi getur verið mismunandi eftir því um hvers konar námskeið er að ræða. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst. Hægt er að skrá sig og fá nánari upplýsingar á skrifstofu St.Rv. að Grettisgötu 89, 3. hæð, sími 525-8330 eða á netfanginu jakobina@strv.bsrb.is.

Betri fjárhagur

Tími: a) fimmtud. 12 feb.
b) þriðjud. 2. mars

Lengd: 5 kest.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.
Leiðbeinandi: Ásgeir Þór Jónsson, viðskiptafræðingur.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið: Farið verður yfir hvernig hægt er að gera rekstur heimilis hagkvæmari en njóta sambærilegra lífsgæða áfram. Farið er í gegn um hagkvæm matarinnkaup, samsetningu matseðils, notkun fjölmiðla, tómsundur, símnotkun, samsetningu lána, sparnað, fatakaup, skemmtun og afþreyingu, tryggingar, gjafakaup og ýmislegt fleira.

Á námskeiðinu er stuðst við
* raunhæf dæmi um hvernig má spara
* upplýsingar frá Ráðgjafastofu heimilanna og Félagi
* íslenskra bifreiðaeigenda

Þátttakendur fá tækifæri til þess að taka virkan þátt í umræðum á námskeiðinu.

Hámarksfjöldi þátttakenda er 16 manns og fá þeir námsefni af glærum afhent.

Geðrækt

Tími: a) fimmtud. 17. feb. kl. 16:30-19:30
b) þriðjud. 9. mars kl. 16:30-19:30

Lengd: 3 kest.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð
Leiðbeinandi: Dóra Guðrún Guðmundsdóttir
verkefnisstjóri Geðræktar.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið: Velliðan okkar byggir á því að hugsa vel um líkama og sál. Að rækta geðið er ekki síður mikilvægt en ræktun líkamans í því tilliti. Geðrækt er ungt hugtak sem leitast við að stuðla að velliðan í flóknum viðfangsefnum daglegs lífs og hvetur fólk til að hugsa vel um sjálfan sig í andlegum skilningi. Hugtakið „geðrækt“ er skoðað og hvernig meðvitund okkar um eigið geð getur hjálpað okkur að takast á við lífsins þrautir í leik og starfi.

Breytingar sem tækifæri

Tími: miðvikud. 10. mars, kl. 17:00- 20:00
Lengd: 4 kest.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.
Leiðbeinandi: Vilborg Einarsdóttir,
MSc í stjórnun og stefnumótun

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:
Að skoða og greina breytingar með tilliti til þess að nýta þær sem tækifæri í stað ógnunar. Fjallað verður um breytt vinnuumhverfi og aukna nauðsyn þess að takast á við breytingar samfara því, bæði sem hópur og einstaklingur. Fjallað verður um tilfinningar, hvatningu og streitu í ljósi breytinga og hvernig ólík vinnustaðamenning getur skapað mismunandi viðhorf til breytinga.

Skattaframtal

Tími: Þri. 16. mars. kl. 16:30-19:00.

Lengd: 3 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson deildarstj. hjá Skattstjóranum í Reykjavík

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Að þátttakendur öðlist færni í að fylla út skattaframtal. Jafnframt verða veittar upplýsingar um þann rétt til frádráttar, afsláttar og bóta sem þeir eiga samkvæmt lögum. Þá verður einnig kynnt hvernig fólk ber sig að við framtalsskil á netinu.

Vellíðan á vinnustað

Tími: miðvikud. 17. mars kl. 16:30-19:00.

Lengd: 3 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Markmiðið með námskeiðinu er að fara ofan í saumana á uppbyggilegum og árangursríkum samskiptum á vinnustað, eins og trausti, heiðarleika, ábyrgð, virðingu, hreinskilni, stuðningi og skuldbindingu. Fjallað er um nokkrar helstu aðferðir við hvatningu og hvernig hún tengist starfsánægju, vali á starfi, starfsþróun og frammistöðu. Einnig er fjallað um endurgjöf (feedback) en hana má sjá sem aðferð til að skýra og bæta samskipti milli fólks.

Samskipti kynjanna

- Getur verið að kynin misskilji hvort annað?

Tími: fimmtud. 18. mars. kl. 16:30-19:00.

Lengd: 3 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur hjá Peli sálfræðiþjónustu.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Konur og karlar hafa löngum velt vöngum yfir mismunandi viðbrögðum, viðhorfum og áhugasviðum hvers annars. Við þurfum að geta unnið saman, alið

upp börn saman og síðast en ekki síst búið saman og látið okkur líða vel saman þótt við séum ólík og stundum reynist það erfitt og alls kyns togstreita fer að einkenna samskiptin.

Á þessu námskeiði verður fjallað um þessa mismunandi heima frá ýmsum sjónarhornum, leitað leiða til að auka skilning og umburðarlyndi og jafnframt rætt um heppilegar leiðir í samskiptum.

Ljósmyndun

Tími: Þriðjud. 23. mars og miðvikud. 24. mars

kl. 17:00-20:00.

Lengd: 8 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Að kenna undirstöðuatriði í stafrænni ljósmyndataekni, almennri myndatöku (landslag, portrett og fl.) og hvernig eigi að meðhöndla myndir almennt til að mynda hvernig beri að flytja myndir í tölvu, geyma þær og hvernig eigi að skipuleggja myndasafn. Einnig er farið í það hvernig myndir eru lagaðar til og prentaðar út.

Þekkirðu hæfni þína

Tími: Fimmtud. 25. mars. kl. 17:00-20:00.

Lengd: 4 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Hrafnhildur Tómasdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Mentor.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Að þáttakendur verði meðvitaðir um gildi þess að þekkja fjölbreytileika þeirrar hæfni sem þeir búa yfir, hæfni sem þeir hafa öðlast í námi, leik og starfi. Hugtakið "raunhæfni" verður kynnt auk þess sem einstaklingum verður veitt ráðgjöf um kortlagningu og mat á henni.

Fjármál heimilanna

Svanhildur Bogadóttir



Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður var í námsleyfi veturinn 2001 til 2002. Hún nýtti tímann og flutti til Hollands með dætur sínar tvær og lauk MBA gráðu í viðskiptafræði með áherslu á fjármála-stjórnun frá Háskólanum í Haag. Lokaritgerð hennar fjallaði um fjárhagslega framtíð íslenskra heimila. Fréttablaðinu lék forvitni á að heyra meira um ritgerð Svanhildar og hverjar niðurstöður hennar hefðu verið.

Svanhildur, um hvað fjallar lokaritgerð þín?

Í ritgerð minni rek ég þróun fjármála einstaklinga hér á Íslandi í gegnum tíðina, til dæmis hvað Íslendingar voru óvanir að hafa peninga í hendi, því það tíðkuðust frekar vöruskipti eða að leggja vörur inn til kaupmannsins, hvaða áhrif stríðsárin höfðu á verðlag og sparnað og síðar áhrif verðbólgunnar og verðtryggingar. Ég segi frá helstu skuldum heimilanna í dag og hvernig þær hafa breyst síðustu árin, til dæmis aukning yfirdráttar og veltukredít korta. Loks segi ég frá niðurstöðum ýtarlegrar könnunar sem ég gerði á fjármálum einstaklinga og dreg niðurstöður út frá henni.

Hvernig stóð á því að þú valdir þetta ritgerðarefni?

Ég hafði fyrir í náminu verið með í stóru hópverkefni um plastkortanotkun í Kína, Rússlandi, Hollandi og Íslandi og borið saman þróunina í löndunum og stöðu í dag. Ég hafði gert mér grein fyrir að Íslendingar væru mikið fyrir að nota kredit- og debetkort, en niðurstöðurnar voru sláandi ólíkar fyrir Ísland. Það var mjög erfitt að útskýra fyrir útlendingum hvers vegna kort væru svona vinsæl á Íslandi og hvernig fólk getur hugsað sér að kaupa hluti sem það hefur ekki efni á. Það kom þá líka í ljós að í löndunum hafði saga peninganothkunar verið mjög mismunandi og að Íslendingar höfðu ekki mikla reynslu af notkun beinhardra peninga. Kannski kunna þeir einfaldlega ekki að umgangast þá.

Í tengslum við verkefnið fór ég að velta fjármálum einstaklinga á Íslandi fyrir mér í víðara samhengi og fannst að þetta væri spennandi efni fyrir lokaritgerð. Kannski var hluti af ástæðunni að ég fór að horfa á íslenskt þjóðfélag í fjarlægð og finnast einkennilegt þetta lífsgæðakapphlaup og að sparnaður hefur aldrei verið hluti af lífsstíl Íslendinga, ólíkt því sem er til dæmis með Hollendinga.

Hvernig gekk að finna heimildir fyrir ritgerðina?


Mér fannst ótrúlega lítið til af heilstæðum rannsóknum á fjármálum einstaklinga og þá um leið heimilanna. Í rauninni er engin stofnun sem hefur sundurlíðað yfirlit yfir eignir og skuldir heimilanna eftir tegundum. En ég nýtti þá tölfraði sem fyrir hendi er og notaði sem bakgrunn fyrir rannsókn mína. Töluvert var til af heimildum um sögulega þróun fjármála í landinu. Ég tók nokkur viðtöl við fólk sem hafði lifað tímana tvenna og gat gefið persónulega innsýn í hvernig til dæmis verðbólgan kom við það. Maður finnur það ekki í hagfræðibókunum.

En einkum var ritgerð mín byggð á viðamikilli könnun sem ég gerði sumarið 2002, þar sem ég sendi út spurningalista til 400 landsmanna á aldrinum 25 til 65 ára. Svör bárust á tilskyldum tíma frá 98 einstaklingum og var svarhlutfall ótrúlega jafnt úrtakinu með tilliti til búsetu, kyns og aldurssamsetningar.

Hverjar voru helstu niðurstöður könnunar þinnar?


Í könnuninni voru fengin svör við um 35 spurningum og margt áhugavert kom út úr greiningu svaranna. Sumt var í raun staðfesting á því sem maður hafði haft á tilfinningunni en annað kom á óvart. Svo ég nefni dæmi um áhugaverðar niðurstöður.

Sparnaður:



Eins og sést á grafinu, þá spara 72% aldrei eða bara stundum fyrir utanlandsferð. Í ljós kom að það voru yngri aldurshópar sem sjaldnast spóruðu fyrir utanlandsferð. Fólk var spurt hvort það legði fyrir til að mæta óvæntum útgjöldum í lífinu, til dæmis veikindum, atvinnuleysi, bílavíðgerðum, nýrri þvottavél. Í ljós kom að

einungis 25% svarenda spara reglulega fyrir óvæntum útgjöldum og meira en þriðjungur leggur aldrei fyrir.



Hins vegar höfðu 61% einhvern tímann keypt hlutabréf og voru þeir af öllum aldurshópum. Ég heyri á fólk að því finnst miklu meira kúl og meira spennandi að kaupa hlutabréf en að leggja peninga inn á bankareikning eða í sparnaðarsjóði.

Eftirlaun og efri ár:


Ég kom með nokkrar spurningar um séreignalífeyrissparnað, hvort fólk vissi hvað það ætti eftir að fá í eftirlaun, hvenær það vildi sjálf fara á eftirlaun ef það mætti ráða og hvernig það héldi að því mundi reida af fjárhagslega. Ég fór sjálf að velta þessum spurningum fyrir mér fyrir nokkrum árum og varð í raun sjokkeruð yfir hvað eftirlaunin eru lág. Margir aldraðir í dag ná ekki að lifa þessu áhyggjulausa ævkvöldi sem þá hafði dreymt um. Foreldrar mínir eru núna í þessum sporum að þurfa að halda áfram að vinna komin vel yfir sextugt, vegna þess að þeir sem hófu störf áður en lífeyrissjóðirnir tóku til starfa, fá jafnvel ennþá lægri eftirlaun en við hin munum þó fá. Órugglega eru margir í eldri borgara deildinni í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar í þessum sporum.

Ég byrjaði á því að spyrja fólk að því hvort það léti draga af sér í séreignalífeyrissparnað. Í ljós kom að 59% gerðu það og kom fjöldinn mér ánægjulega á óvart. Algengt var að þeir sem ekki voru með séreignalífeyrissparnað tilgreindu að þeir hefðu ekki efni á því eða vantroystu fjármálastofnunum. Flestir greiða 4%, en sumir tilgreindu að þeir legðu 10% af tekjunum í séreignalífeyrissparnað, þrátt fyrir að einungis 4% væri frádráttarbært frá skatti.

Í Hollandi er algengt að fólk sé komið á eftirlaun sextugt og sumir jafnvel fyrr. Mér lék forvitni á að vita hverju Íslendingar myndu svara ef þeir væru spurðir hvenær þeir vildu fara á eftirlaun, ef þeir mættu velja.

Niðurstöðurnar komu mér stórlega á óvart, að helmingur svarenda vildi fara á eftirlaun 67 eða 70 ára, en einungis 19% 60 ára eða yngra.

Hvenær ég vildi fara á eftirlaun




Svörin voru mjög mismunandi eftir aldri svarenda. Í ljós kom að þeir eldri vilja fara síðar á eftirlaun en þeir yngri. Kannski sér yngra fólkið eftirlaunaaldurinn í hillinum á meðan þeir eldri vilja vera þátttakendur í atvinnulífinu lengur. Þeir sem svöruðu "annað" tilgreindu oftast að þeir vildu vinna sem lengst eða að þeir gætu ekki svarað þessu.

Fólk var einnig spurt hvort það vissi um hversu mikið af núverandi launum það fengi í eftirlaun. Einungis 18% svöruðu því játandi. 82% gátu ekki svarað þeirri spurningu. Ljóst er að lífeyrissjóðir þurfa að kynna betur fyrir sjóðsfélögum sínum hvað þeir megi búast við í eftirlaun, svo fólk geti hagað áætlunum sínum til efri ára í samræmi við það. Hins vegar var fólk líka spurt hvort það héldi að það myndi eiga fjárhagslega erfitt eftir að það færi á eftirlaun. Hátt í helmingur svarenda sagðist ekki vita það og flestir hinna töldu að það yrði frekar erfitt eða allt í lagi. Spurning er auðvitað hversu algengt sé að fólk velti því fyrir sér fyrirfram. Hin ástæðan gæti verið sú að fólk hafi einfaldlega ekki hugmynd um hvernig fjármál sín verði þegar á eftirlaunaaldur kemur.

Skuldir:

Einn hluti ritgerðarinnar fjallaði um skuldir svarenda. Skuldirnar voru eftirfarandi eftir tegundum.



Eins og sjá má af svörum eru flestir með húsnæðislán og meira en helmingur svarenda með yfirdráttarlán. Þriðjungur er með námslán og/eða lán frá lífeyrissjóði. Einungis sjö sögðust vera skuldlausir eða innan við 10%. Skuldir fólks voru að meðaltali 6,1 milljón, en þess má geta að í hópi þeirra var fólk sem ekki átti fasteignir. Yfirdráttur þeirra sem voru með yfirdrátt var að meðaltali 308 þús. króna.

Að lokum, hvernig finnst þér þá fjárhagsleg framtíð íslenskra heimila?

Það sem mér finnst jákvæðast er að sjá hversu margir leggja fyrir í séreignalífeyrissparnaði og nýta sér hámarksfrádráttinn 4%. Hins vegar er skuggalegt að sjá hvernig skuldir heimilanna hafa aukist sem hlutfall af ráðstöfunartekjum þeirra. Árið 1980 voru skuldirnar 20% af árlegum ráðstöfunartekjum heimilanna en voru orðnar 170% árið 2001. Þetta gerist með greiðari aðgengi að lánsfé og aukinni neyslu í kjölfarið. Í rauninni sér maður ekki hvernig þetta muni enda, hvorki fyrir heimilin né þjóðarhag. Sölu- og markaðsmennskan er orðin miklu harðari en áður og samkeppnin um viðskiptavinum meiri. Markaðsfræðingarnir leita að nýjum viðskiptamannahópum og fara af stað með herferðir til að höfða til þeirra. Mér finnst stundum með bankana að þeir hagi sér eins og dópsalar sem eru að koma fólki á bragðið. Þeir segja fólki ekki frá ánetjuninni og mögulegum afleiðingum. Dóttir mín var á ellefta ári þegar hún byrjaði að fá tilboð frá bönkum um debetkort. Hún gæti fengið kort til að taka út peningana sína, en þyrfti leyfi foreldra til að fá kort til að versla með í verslunum. Í framhaldsskólum bjóða bankar unglíngum kort með yfirdrátt. Skuldirnar fara af stað þar. Ég held að í fáum löndum Vestur Evrópu vinni unglíngar jafnmikið á sumrin eða með skóla á vetrum eins og hérna. Vinnan er sjaldnast til að fjármagna námið eða styðja heimilið, heldur til að geta greitt fyrir það sem unglíngum finnst lífsnauðsynlegt í dag, eins og sími, bíll, o.s.frv. Könnun mín náði einungis til fólks 25 ára og eldri, en sumir voru komnir með miklar skuldir þrátt fyrir að búa ennþá í foreldrahúsum og hafa ekki keypt sér húsnæði.

Ég held að fólk sé almennt farið að passa sig meira á kreditkortum, en í þess stað hefur yfirdráttur tekið við. Bankarnir láta eins og yfirdráttarheimildin sé peningur sem maður eigi, en ekki lán á háum vöxtum. Ef ég spyr hvað ég eigi mikinn pening inni á debetreikningi mínum, fæ ég uppgöfn innistöðuna plús yfirdráttarheimild! Þetta er fánlegt. Yfirdrátturinn er lúmskur að því leitinu að fólk þarf ekki að borga ákveðið mikið til baka á mánuði. Það ræður hvort það borgar eitthvað. Vextirnir bara bætast við og yfirdrátturinn hækkar og hækkar. Svo er fólki boðið að breyta honum í langtímaskuldabréf og byrja upp á nýtt að safna yfirdrátt.

Margir sem ég þekki eru komnir í greiðsluþjónustu bankanna og finnst það algjör munur. Engir reikningar heim og algjörlega laus við fjármálaáhyggjur. En hefur maður ekki gott af því að hafa stundum fjármálaáhyggjur og vita eitthvað um sín

eigin fjármál? Ég er hrædd um að margir hafi misst yfirsýn yfir kostnað við heimilishald sitt og hvernig launin endist. Horfist ekki í augu við eigin fjármál. Bankarnir eru nefnilega svo góðir að þeir bara bæta við yfirdráttinn ef launin duga ekki fyrir reikningunum. Sjálfri finnst mér ómissandi ánægja að fara í bankann um mánaðarmót með reikningabunkann eftir að hafa yfirfarið hann og lagt saman og vita strax hvernig fjárhagsstaða mín er þennan mánuðinn og hvort ég get leyft mér eitthvað. Reyndar er ég komin með marga fasta reikninga í beina skuldfærslu sem kostar ekkert, þannig að ég þarf ekki að hafa áhyggjur af þeim. Ég gæti ekki hugsað mér að vera í greiðsluþjónustu og láta bankann skammta mér vasapeninga fyrir mánuðinn.

En auðvitað eru mestu skuldir fólks vegna húsnæðiskaupa. Það er ótrúlegt að sjá hversu margir velja að taka 40 ára húsnæðislán, því það er svo hæg eignamyndun þar. Auðvitað er heldur erfiðara að greiða 25 ára lán en þar gengur þó aðeins hraðar á lánið. Það er mjög gaman að leika sér með lánatölur í lánareikni á vef Íbúðarlánasjóðs (www.ils.is) og sjá hvernig tölurnar breytast með lánstíma, vöxtum og verðbólgu. Mér finnst algjörlega vanta í skólakerfið fræðslu um fjármál, til dæmis hvernig lán og sparnaður virki. Fólk þarf að skilja hvað hvert vaxtaprósent hækkar greiðslur.

Já, en svo ég komi að spurningunni þinni með fjárhagslega framtíð íslenskra heimila, þá auðvitað hefur velmegun aukist gríðarlega á Íslandi á síðustu áratugum. Við höfum það ótrúlega gott miðað við foreldra okkar eða afa og ömmur. En mikið af velmegun okkar hefur verið greitt með lánsfé og þótt auðvitað sé alltaf möguleiki að vinna í lóttönu á morgun eða vinna meira, þá hjá flestum hverfa skuldirnar ekki að sjálfu sér. Fæstir hafa sparnað til að mæta óvæntum útgjöldum og áföllum, hvað þá safna fyrir hlutum áður en þeir eru keyptir.

Mesta breyting held ég að verði þegar fólk á mínum aldri kemst á eftirlaunaaldur. Við munum hafa hærri eftirlaun en foreldrar okkar, en hins vegar minni eignir. Margir verða ennþá að borga af húsnæðislánnum sínum, af fullum krafti og verðtrygðum. Ef 90% húsnæðislánin komast á, verða margir í raun að borga leigu fyrir afnot af húsnæði, en engin eignamyndun á sér stað. Þeir sem hafa tekið lán vegna náms erlendis verða ennþá að greiða 4,75% af brúttótekjum í afborganir af námslánum til Lánasjóðsins á elliheimilinu. Ég vona bara að fólk verði þá buið að borga yfirdráttinn frá æskuárunum!

Námskeið á vorönn!

Fræðslusetrið Starfsmennt

Nokkur sæti laus á eftirtalin
námskeið á vorönn:

REKSPÖLUR

Reykjavík

FRAMRÁS

Reykjavík

Fræðslusetrið Starfsmennt er þjónustumiðstöð fyrir
opinbera starfsmenn í námi og þjálfun. Ekki missa af
þessu góða tækifæri!! Kíktu á www.smennt.is eða hringdu
í 525-8395 og skráðu þig strax í dag.